



Málþing Barnaheilla Save the children

17. febrúar 2011

## Heimilisofbeldi – hvað með börnin?

- Rannsóknarhópur: Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Steinunn Gestsdóttir
- Samstarfskonur: Margrét Sveinsdóttir, Nanna Þ. Andrésdóttir, Nanna Kr. Christiansen og Ragnhildur Jónsdóttir - allar sérkennarar og fv. meistaranemar.
- Rannsóknin *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* er styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands og Rannsóknarsjóði KHÍ
- Byggt á rannsókn Mullender o.fl. á Englandi (2002).  
Seith og Böckmann gerðu sambærilega rannsókn í Sviss 2006.
  - Þrjár athuganir Könnun, - Viðtöl, - Athugun á efni prentmiðla



HÁSKÓLI ÍSLANDS


Málþing Barnaheilla febrúar 2011



## Heimilisofbeldi – hvað með börnin?\*

Hvað vita börn almennt um....

- Hver er skilningur þeirra almennt á...
- -----
- Ræði í dag:
- Hver er reynsla barna sem búa við ofbeldi á heimildum
- Hvaðan berst þeim hjálp?
- Ofbeldi karla á heimilinu í fókus





## Ofbeldi karla gegn konum nokkrar skilgreiningar

Heimilisofbeldi er þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegrar, félagslegrar og fjárhagslegrar bindingar“ (Samtök um kvennaathvarf, 2006).

Kyngervi og vald er bundið í samfélagsgerðinni, það mótar félagsleg tengsl karla og kvenna (Weinehall, 2005).

Ofbeldi í parasamböndum karla og kvenna snýst venjulega um ofbeldi karla gegn konum (Dobash og Dobash, 2004).

Ofbeldi karla gegn konum á heimilum snýst um vald og stjórnun (Pence og Paymar, 1993, Duluth verkefnið

[http://www.euowrc.org/05.education/education\\_en/12.edu\\_en.htm](http://www.euowrc.org/05.education/education_en/12.edu_en.htm)



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Þekking barna á ofbeldi á heimilum\*



- Í ljósi þess orðið *heimilisofbeldi* er oft notað á óljósan hátt tel ég nákvæmara að nota *ofbeldi á heimili* sem leggur mikla áherslu á heildarsýn á daglegt líf barna.
- Það skýrir nafn verkefnisins og mótar spurningar til barnanna.
- Við yfirgáfum þó ekki orðið *heimilisofbeldi* alfarið því að - athuguðum um þekkingu barnanna og skilning á því.

# Heimilisofbeldi?



- Ofbeldi í nánum samböndum er oft notað sem samheiti yfir heimilisofbeldi (e. IPV.)
- Hugtakið *heimilisofbeldi* hefur fest í sessi sem ofbeldi milli maka. Gagnrýnt hefur verið að það beini athyglinni eingöngu að sambandi milli fullorðinna (Bogat, Leady, o.fl., 2005).
- En hvað með börnin - eru þau ekki á heimilinu?
- Í rannsókn Mullender o.fl. 2002 (N=1395 ) og könnun okkar 2006 (N=1125) kom fram að þetta samrýmdist ekki skilningi barna. Þau skilgreina heimilisofbeldi víðar en SVO.

# • Ofbeldisform 1



- Líkamlegt
- Andlegt – tilfinningalegt
- Kynferðislegt
- [Vanræksla]
- Brjótum þetta meira upp



## Ofbeldisform 2\*



- Vissulega: Líkamlegt, kynferðislegt, tilfinningalegt
- Hótanir og eyðilegging
- Beitir húsbóndavaldi - stjórnsemi, eftirlit
- Einangrun
- Gleymist stundum þó að “allir viti” hve samtvinnað ofbeldi er
- Aðgæsla og aðhlynning barna - öðru nafni skortur á.../  
vanræksla – löngum verið olnbogabarn ofbeldisrannsókna

## Ofbeldisform 3



### *Snúum aftur til vanrækslunnar*

- Ekki má líta fram hjá því að heimilisofbeldi milli fullorðinna fer oft saman við ofbeldi og vanrækslu á börnunum og veldur þá margföldu álagi. Samkvæmt Edleson (1996) á þetta við um í 30 – 60% tilvika.
- EN – STÖLDRUM VIÐ Vanræksla hvers ?
- Tvö álitamál:
  1. Þegar skaðinn er skeður eða sem áhætta
  2. Þegar grunnþörfum barna er ekki mætt, óháð orsökum, s.s. vegna fátæktar eða annarra ónógra úrræða.
- Aðhlynning barna á heimili og í samfélagi



# Viðtöl við börn og mæður



## Reynsla barna

Börn verða fyrir ofbeldi sem sjónarvottar eða öðruvísi.

Barn “verður fyrir”, “er vitni að”


Áhrifin af hinu síðarnefnda eru nú talin jafngilda “beinu” ofbeldi

(Edleson, 1999; Erikson, 2007).

## Skýrsla um könnun okkar

### Það er ljótt að meiða

Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum  
Helstu niðurstöður spurningalista



Guðrún Kristinsdóttir, ritstjóri  
Ingibjörg H. Harðardóttir  
Margrét Ólafsdóttir  
Steinunn Gestsdóttir


Kennaraháskóli Íslands  
Reykjavík 2007

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Guðrún Kristinsdóttir Menntavísindasviði

Málþing Barnaheilla febrúar  
2011

# Hvernig birtist ofbeldið á heimili börnum og mæðrum?



Duluth Vald og stjórnumarhringurinn (Pence og Paymar, 1993, aðlagð af GK).



## Hvaða ofbeldi var þetta?

### Einangrun, eftirlit,

Mamma sagðist ætla í stutt kaffi til vinkonu sinnar og hún var í 3 korter og honum fannst það of mikið

### Notar börnin

En hann hefur reynt oft að bara ná upplýsingum upp úr okkur með því að.. nota bara óttann..

### Fjárhagsleg kúgun

Svo bara öskraði hann á okkur og sagði hættiði að vera í tölvunni, ég á hana i/,,/ biðjiði bara mömmu ykkar að kaupa svona handa ykkur.

### Ofsóknir

Já eftir að hann flutti út /.../það er minna um það núna en ef hann keyrir sig upp í /.../ rugl þá dúkkar hann upp á fíranlegustu tímum sólarhringsins.

## Dæmi um lýsingar barnanna

Beitir húsbóndavaldi Það gat til dæmis verið að einhver á heimilinu keypti „vitlaust rúnstykki“.

Mundar vopn Hann er með hníf og hann er að stinga honum undir sófann.. og herna.. og hún /.../. Við vitum náttúrulega ekkert hvað hann ætlaði sér með þessu hann ætlaði örugglega bara að ganga frá henni ef maður á að orða það þannig sko..

Árásir líkamlegar og andlegar Hann barði mömmu og var sko orðljótasta vera veraldar /.../ hann hrækti á hana og bölvaði henni í sand og ösku svo lamdi hann líka /.../. einu sinni þannig að hún komst ekki í leikskólann





- Hringurinn sýnir margar birtingarmyndir ofbeldisins og reynist gagnlegur til að skoða frásagnir barnanna.
- Öll form Duluth líkansins koma fyrir í frásögnunum
  - (Pence og Paymar, 1993).
- Niðurstöðurnar samrýmast að þessu leyti ýmsum öðrum viðtalsrannsóknnum (Forsberg, Källström Cater og Weinehall í Eriksson, (2005); McGee, 1997; Mullender o.fl., 2002; Higgins, 1994.



*...mér fannst erfiðast að heyra hljóðin (Kristófer).*

*...ég heyrði alltaf öskur í mömmu og það var geðveikt óþægilegt að heyra þetta og ég þorði aldrei að fara fram og segja þeim að hætta eða neitt og svo (Lilja).*

*... aðallega það að horfa á mömmu mína lamda í spað og geta ekkert gert í því (Gísli Súrsson).*

*... kannski eftir á.. mamma gat eiginlega ekkert hugsað um okkur /.../ þunglynd og eitthvað. /.../En já ég held að það hafi verið erfiðast sko.. það var svona eitt ár . hún lá bara uppi í rúmi og svaf svoldið mikið á daginn (K drengur í elsta hópi).*

*einna erfiðast þegar stjúpi hennar eyðilagði hluti: ...eyðilagði allt húsið svona allt svona /.../ allt út í glerbrotum /.../ eitthvað svona dæmi (Gyða).*

Börnin völdu sér sjálf dulnefni

# Hvað stendur upp úr?



Fjölskyldan þjappar sig saman - stuðningur systkina –  
yngri systkini mín og mamma... er áberandi í frásögnunum

Börn á varðbergi  
VANMÁTTUR

Mamma – verst að sjá henni misþyrmt og litlu systkini...

VIÐBRÖGÐ eru að einhverju leyti háð aldri

Börn meta ástandið, andmæla, snúast (stundum) til varnar

eða gera vart við sig til að stoppa ofbeldið

En hjá sumum er óljóst hve hulið ofbeldið var þeim.

# Hvaðan barst þeim hjálp?



## Aðgerðaleysi

Brotakennt, margir nefndir til sögunnar

Kvartanir og þungar ásakanir sumra yfir lítilli utanaðkomandi aðstoð - langvarandi ástand þar sem “allir vita” en enginn bregst við...

Takmörkuð viðbrögð sýslumanns, barnaverndar, skóla.... Margar fagstéttir nefndar og hjálparsamtök, Kvennaathvarf, Stígamót.

Skilaboð barnanna: Það á að tala um þetta “bölv.. steypa að lenda í þessu”  
Skilaboð okkar í stuttu máli: Þora að spyrja!!

## Aðstoð

Dæmi um góða félagsráðgjafann sem hjálpar og dæmi þar sem engin hjálp berst. Hið sama á við um lögreglu, kennara.

Áhrif **hins persónulega** í starfinu.

**Börn sem þjást en ekki sjást!**

Til eftirbreytni: Ein kona fékk afgerandi hvatningu á vinnustaðnum.



Þökk sé þessum 1125 börnum sem svöruðu spurningum og  
sex mæðrum og átta börnum  
vitum við meira núna



Við viljum gjarnan tala við fleiri  
[ingihar@hi.is](mailto:ingihar@hi.is) eða [gkristd@hi.is](mailto:gkristd@hi.is)

Takk fyrir

